

Ed.

## 449. Frumvarp til laga

um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna.

### 2. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, formaður Félags íslenskra hjúkrunarkvenna, landlæknir og einn maður tilnefndur af ríkisstjórninni til þriggja ára í senn, og er hann formaður stjórnarinnar.

### 3. gr.

Stjórn sjóðsins heldur fund svo oft sem þörf er á, og skal hún halda gerðabók og skrá þar allar samþykktir sínar. Í stjórninni ræður meiri hluti atkvæða. Ekkert fé má greiða úr sjóðnum nema með samþykki sjóðsstjórnarinnar. Sjóðsstjórnin skal vinna kauplaust.

### 4. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins hefur á hendi reikningshald sjóðsins, heimtir inn tekjur hans og annast greiðslur úr honum, hvort tveggja eftir tilvisun sjóðsstjórnarinnar. Þóknun fyrir starf tryggingarstofnunarinnar fer eftir samkomulagi milli hennar og sjóðsstjórnarinnar. Náist ekki samkomulag, ákveður félagsmálaráðherra þóknunina.

### 5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur skal birtur með ársreikningum Tryggingarstofnunar ríkisins og endurskoðaður á sama hátt og þeir.

### 6. gr.

Rétt til lífeyris úr sjóðnum hefur sérhver hjúkrunarkona, sem hefur greitt iðgjöld til hans í 10 ár eða lengur og lætur af störfum sökum varanlegrar örorku eða elli. Rétturinn til að hætta störfum sökum elli miðast við 60 ára aldur.

### 7. gr.

Upphæð lífeyris miðast við meðalárslaun síðustu 10 starfsáranna. Sé starfstíminn skemmri, miðast við meðalárslaun alls starfstímans. Ef hjúkrunarkona verður að láta af starfi sínu sökum varanlegrar heilsubilunar, en tekur við öðru starfi lægra launuðu, skal lífeyririnn þó ekki miðast við laun síðara starfsins, heldur við þau laun, er ætla má, að hún hefði haft, ef hún hefði haldið fullri starfsorku.

Til launa telst eigi aðeins laun greidd í peningum, heldur og fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni.

### 8. gr.

Ellilífeyrir miðast við meðalárslaun samkvæmt 7. gr. og starfstíma svo sem hér segir:

Fyrir 10 til 11 ára starf veitist 15 % af meðallaunum síðustu 10 starfsára.

—	11	—	12	—	—	—	18	—	—	—	—	—
—	12	—	13	—	—	—	21	—	—	—	—	—
—	13	—	14	—	—	—	24	—	—	—	—	—
—	14	—	15	—	—	—	27	—	—	—	—	—
—	15	—	16	—	—	—	30	—	—	—	—	—

Fyrir 16 til 17 ára starf	veitist 33 % af meðallaunum síðustu 10 starfsára				
— 17 — 18 — — —	36 — — — —				
— 18 — 19 — — —	39 — — — —				
— 19 — 20 — — —	42 — — — —				
— 20 — 21 — — —	45 — — — —				
— 21 — 22 — — —	48 — — — —				
— 22 — 23 — — —	51 — — — —				
— 23 — 24 — — —	54 — — — —				
— 24 — 25 — — —	57 — — — —				
— 25 ára starf og lengra	veitist 60 % af —				

#### 9. gr.

Hjúkrunarkonur, sem eftir að þær urðu sjóðfélagar, verða fyrir launalækkun, er nemur meira en 10% af laununum, eða verða að hætta störfum sökum varanlegrar örorku, eiga rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda sé örorkan metin meira en 10%. Megi rekja aðalorsök örorkunnar til hjúkrunarstarfsins, er örorkulífeyririnn jafn hámarks lífeyri fyrir viðkomandi starf, ef um fulla örorku er að ræða, en hlutfallslega minni fyrir minni örorku. Í slíkum tilfellum koma ákvæði 6. og 8. greinar um starfstíma ekki til framkvæmda. Í öðrum tilfellum fer hámark örorkulífeyris eftir starfstíma samkvæmt 8. gr.

Örorkumatið skal framkvæmt af tryggingayfirlækni.

#### 10. gr.

Ef hjúkrunarkona, er var sjóðfélagi eða fyrrverandi sjóðfélagi, sem naut lífeyris, deyr og lætur eftir sig börn eða fósturbörn, sem eru yngri en 16 ára, fá þau lífeyri úr sjóðnum, unz þau eru fullra 16 ára, enda hafi hin látna séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Eigi börnin foreldri eða kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þeirra, er lífeyrir hvers um sig 25% hærri en þær upphæðir, er stjórnarráðið ákveður sem meðalmeðlag með börnum á þeirra aldri í Reykjavík á þeim tíma, er þau njóta lífeyris. Eigi börnin hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þeirra, eru lífeyrisupphæðirnar tvöfalt hærri.

Sama rétt öðlast börn og fósturbörn sjóðfélaga við það, að hún verður öryrki, þó með þeim takmörkunum, að lífeyrisupphæðir þeirra skulu vera jafnmörg % af upphæðunum samkvæmt 1. mgr. eins og örorka viðkomandi sjóðfélaga er metin mörg %.

#### 11. gr.

Stofnfé sjóðsins er 50000.00 kr., og skal það lagt fram úr ríkissjóði.

#### 12. gr.

Fyrst um sinn greiða sjóðfélagar og launagreiðendur hvor um sig iðgjald til sjóðsins, er nemur 4% af heildarárslaunum sjóðfélagans, þar með talið fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni.

#### 13. gr.

Hjúkrunarkonum, sem gerast sjóðfélagar við gildistöku þessara laga, reiknast til starfstímans allur sá tími, er þær hafa unnið við hjúkrunarstörf, sem veita aðgang að lífeyrissjóði hjúkrunarkvanna. Þeim, er síðar koma, reiknast starfstíminn frá þeim tíma, er iðgjaldagreiðslur hefjast. Þó er heimilt að kaupa þeim réttindi fyrir fyrri starfstíma gegn gjaldi, er sjóðsstjórnin ákveður í samráði við tryggingafræðing.

Láti hjúkrunarkona um stundarsakir af starfi, sem veitir aðgang að sjóðnum, án þess að nota endurgreiðsluréttinn samkvæmt 15. gr., reiknast starfstími hennar allur sá tími, er hún hefur greitt iðgjöld til sjóðsins. Heimilt er og að greiða iðgjöld

fyrir þann tíma, er hún var í burtu, enda hafi hún verið við framhaldsnám eða unnið að hjúkrunarstörfum, sem ekki veita aðgang að sjóðnum.

14. gr.

Stjórn sjóðsins skal láta tryggingafræðing athuga fjárhag sjóðsins á 5 ára fresti. Leiði slík athugun í ljós, að fært sé að lækka iðgjöldin, getur stjórn sjóðsins ákveðið iðgjaldslækkun. Stjórnin má þó eigi ákveða lægra iðgjald en 6% af heildarárslaununum. Iðgjaldið skal jafnan greitt að hálfu af hvorum aðila, launþega og launagreiðanda.

15. gr.

Hjúkrunarkonur, sem fara úr sjóðnum án þess að fá lífeyri, eiga rétt á að fá endurgreidd iðgjöld þau vaxtalaus, er þær hafa greitt í sjóðinn. Þetta gildir þó ekki brottför við dauða.

16. gr.

Allar hjúkrunarkonur, sem vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir, sem eru viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, skulu vera skyldutryggðar í sjóði þessum. Heimilt er að taka í sjóðinn aðrar hjúkrunarkonur, er starfa að hjúkrun, enda séu þær eigi ráðnar til skemmri tíma en eins árs, eða með að minnsta kosti þriggja mánaða uppsagnarfresti.

17. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris úr sjóði þessum, og greiðist hann með  $\frac{1}{12}$  árslífeyris fyrir fram á hverjum mánuði.

18. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1944.